

16. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Aftan við 2. gr. A. I. bætist:

32. Hvitá í Borgarfirði hjá Hvítárvöllum.
33. Hólkná í Pistilfirði.
34. Hafralónsá í Pistilfirði.
35. Selá í Vopafirði.
36. Hofsa í Vopnafirði.

2. gr.

Úr 2. gr. A. falli.

Undir staflíð I. (Nýjar brýr á þjóðvegum):

4. Grimsá í Borgarfirði.
5. Reykholtisdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.

Undir staflíð II. (Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum):

2. Flóká.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Greinargerð:

Í lögum um brúargerðir frá 1919 eru taldar allar stærri ár á þjóðvegum og flutningabrautum, sem álitid er fært að brúa.

Með vegalagabreytingu er samþykkt var á síðasta Alþingi, var fluttur þjóðvegurinn um Þingeyjarsýslur og liggur nú frá Húsavík um Axarfjörð, Pistilfjörð, Vopnafjörð og Jökulsárhlið til Fossvalla. Í frumvarpi til nýrra vegalaga, sem nú er lagt fyrir Alþingi, þótti rjett að ákveða legu þjóðvegarins þessu samkvæmt, en með því að á tjeðri leið eru nokkrar óbrúaðar ár, sem ætla má að rjett þyki að brúa á næstu árum, er hjer gerð tillaga um breytingu á vegalögum að því marki.

Ár þessar eru Hólkná og Hafralónsá í Pistilfirði og Selá og Høfsá í Vopnafirði. Þessar 4 brýr munu eftir lauslegri áætlun kosta allar kr. 112,000. Með því að þær eru nú allar á sýsluvegum, myndi ríkissjóður samkvæmt ákvæðum brúargerðalaganna greiða kr. 79,000 af kostnaðinum, en hlutaðeigendur kr. 33,000.

Með tilvísun til tillögu í frumvarpi til nýrra vegalaga um breytingu á legu þjóðvegjarins um Borgarfjörð, þykir rjett að bæta brú á Hvítá í lög um brúargerðir. Sú brú er áætluð að kosta kr. 160,000. Þar sem hún er nú á sýsluvegi, myndu $\frac{3}{4}$ hlutar kostnaðar fást úr ríkissjóði, en kr. 40,000 myndu hlutaðeigendur greiða.

Jafnframt þykir og rjett að fella úr lögnum brýr á þær ár, sem ekki verða lengur á þjóðvegum samkvæmt áformuðum breytingum á legu þjóðvegjarins. Eru þær ár því teknar upp í 2. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpi til nýrra vegalaga verður brúin á Norðurá á Króks-hyl og brúin á Gilsá í Jökuldal á væntanlegum fjallvegum og munu þannig kostaðar úr ríkissjóði. Jafnframt er í sama frumvarpi gengið út frá að brýrnar á Grímsá, Flóku og Reykholtaldalsá í Borgarfirði og Rjúkanda og Teigá í Jökuldal verði á sýsluvegum, og munu þær þá verða kostaðar að $\frac{2}{3}$ hlutum úr ríkissjóði. Þessar 5 brýr er áætlað að kosti allar kr. 52,000 og má þá gera ráð fyrir að kostnaðarhluti ríkissjóðs lækki fyrir ákvæði 2. gr., frá því sem nú er um kr. 18,000.

Lagafrumvarp þetta breytir því greiðsluhlutfali ríkissjóðs og sýslufjelaganna þannig:

Nú á ríkissjóður að greiða.....	kr. 253,000	
Nú eiga sýslufjelögin að greiða.....	— 73,000	kr. 326,000

Samkvæmt frumvarpinu:

á ríkissjóður að greiða	kr. 308,000	
eiga sýslufjelagin að greiða	— 18,000	— 326,000

eða með öðrum orðum, frumvarpið ljettir kr. 55,000 kostnaði af hlutaðeigandi sýslum.

Þar sem lagafrumvarp þetta stendur í sambandi við frumvarp til nýrra vegalaga, sem ætlast er til að gangi í gildi 1. jan. 1925, þykir rjett að ákveða að þessi lög skuli öðlast gildi sama dag.